

## Herdís Egilsdóttir hlýtur Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar á degi íslenskrar tungu



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra veitti [Herdísi Egilsdóttur](#) kennara Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar 2008 á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember sl. Auk þess voru veittar sérstakar viðurkenningar fyrir störf í þágu íslenskrar tungu.

Herdís Egilsdóttir var kennari við Skóla Ísaks Jónssonar í 45 ár og hefur samið fjölbreytt efni fyrir börn, jafnt í máli sem myndum og tónlist.

en eftir hana liggur á annan tug barnabóka auk tímaritsgreina. Einnig hefur hún samið efni fyrir útvarp, sjónvarp og leikhúsin í landinu.

Á seinni árum er Herdís einna kunnust fyrir kennsluverkefni sitt „Litlir landnemar“, þar sem leitað er svara við margvíslegum spurningum. Hvernig verður þjóð til? Hvernig kemur þjóð sér upp mannsæmandi lífsskilyrðum? Hvernig velur hún og hafnar eftir aðstæðum og efnahag? Hvernig bregst hún við óæskilegum aðstæðum og freistingum og hvaða gildi hefur hún í hávegum? Verkefnið „Litlir landnemar“ fjallar um líf nútímafólks í landi þar sem allt vantar nema gjafir náttúrunnar.

Við afhendingu verðlaunanna sagði menntamálaráðherra m.a. „Mannauður þjóðarinnar býr í grunnskólum landsins. Það hefur löngum verið hlutverk barnakennara að ávaxta þennan auð. Það er fulltrúi þeirra sem við heiðrum í dag fyrir hæfileika hennar til að kveikja ljós, áhuga og þorsta eftir þekkingu - til að

virkja orkustöðvar æskunnar og veita henni staðgott vegarnesti í hretviðrum lífsins“.

Herdís Egilsdóttir hlaut í verðlaun eina milljón króna og ritsafn Jónasar Hallgrímssonar í hátíðarbandi.

### Viðurkenningar

Menntamálaráðherra ákvað að veita tvær viðurkenningar fyrir störf í þágu íslenskrar tungu. Önnur er veitt [Landnámssetri Íslands í Borgarnesi](#) og hina fær Útvarpsleikhúsið. Í rökstuðningi ráðgjafarnefndar um Landnámssetrið segir m.a.: „Landnámssetur Íslands sækir þjóðararfinn í hérað og gerir hann aðgengilegan fyrir íslenska jafnt sem erlenda gesti og fyrir alla aldrshópa. Á Landnámssetri er unnið metnaðarfullt starf þar sem efniviðurinn er bókmenntir, saga, arfur og umfram allt íslensk tunga og menning“.

Um [Útvarpsleikhúsið](#) sagði m.a.: „Í sjötíu ár hefur leiklistarflutningur verið fastur liður á dagskrá Ríkisútvarpsins. Ríkisútvarpið geymir dýrmæta heimild um íslenska leikritun og er þar mikilvægt brot af menningararfi þjóðarinnar. Útvarpsleikhúsið hlýtur viðurkenningu fyrir samfeltt og ómetanlegt menningarstarf sem sjötíu árum frá upphafi sínu er enn í fullum blóma“.

Viðurkenningarhafar fengu listaverk eftir Brynhildi Þorgeirsdóttur.

Í ráðgjafarnefnd um verðlaun og viðurkenningar á degi íslenskrar tungu sitja Kristján Árnason, Guðrún Egilson og Kristín Helga Gunnarsdóttir.

## Mat á starfi leikskólans Ása og leikskólans Hjalla

Í apríl 2008 fór menntamálaráðuneytið þess á leit við Attentus, mannauður og ráðgjöf að gera úttekt á [leikskólanum Ásum](#) í Garðabæ. Þá fór menntamálaráðuneytið einnig þess á leit við matsfyrirtækið Ísmat ehf. að gera úttekt á [leikskólanum Hjalla](#) í Hafnarfirði. Í skýrslunum er greint frá framkvæmd úttektarinnar, aðferðum við gagnaöflun og helstu niðurstöðum.

Skýrslurnar eru aðgengilegar á [vef menntamálaráðuneytis](#).

## Samantekt varðandi möguleg úrræði um sálrænan stuðning

Í ljósi efnahagsástandsins og þeirrar óvissu sem ríkir nú í samfélaginu hefur menntamálaráðherralátið vinnasamantekt yfir möguleg úrræði um sálrænan stuðning við börn og ungmenni í skólum landsins og í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Svipuð samantekt er einnig unnin fyrir nemendur í háskólum og öðrum fræðslustofnunum landsins. Markmiðið með þessu var að styðja við starfsfólk skóla, fræðslustofnana og stjórnendur íþrótt- og æskulýðsstarfs til að veita nemendum stuðning og stuðla þannig að velferð. Þessi samantekt er unnin í samstarfi við samráðshóp sem settur var á laggirnar vegna efnahagsástandsins.

Í þeim hópi sitja fulltrúar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Félagi íslenskra framhaldsskóla, Skólameistarafélagi Íslands, Kennarasambandi Íslands, Félagi náms- og starfsráðgjafa, Menntasviði Reykjavíkurborgar og Heimili og skóla. Úrræðin er að finna á vef ráðuneytisins, sem og leiðbeiningar sérstaklega ætlaðar börnum og ungmennum um líðan við erfiðar aðstæður.

Menntamálaráðuneyti vill enn fremur leggja áherslu á að víða er sérfræðipjónusta og þekking til staðar innan skóla, fræðslustofnana, íþrótt- og æskulýðsfélaga, í sveitarfélaginu og nær-samfélaginu, sem hægt er að nýta.

Virk samskipti skóla, íþrótt- og æskulýðsfélaga og heimila eru sérstaklega mikilvæg nú. Mikilvægt er að stjórnendur skoði hvaða leiðir eru fyrir hendi til að takast á við núverandi aðstæður á sem uppbyggilegastan hátt. Þar skiptir miklu máli að sem flestir taki höndum saman og stuðli þannig að velferð barna og ungmenna í víðum skilningi. Víðs vegar um landið hefur þegar verið unnið gott starf til að gera okkur betur kleift að takast á við það ástand sem nú er uppi og hvetur menntamálaráðuneyti til þess að slíkri vinnu verði fram haldið.

- Fræðslustofnanir; [Samantekt varðandi úrræði um sálrænan stuðning](#) (PDF - 106KB)
- Háskólar; [Samantekt varðandi úrræði um sálrænan stuðning](#) (PDF - 106KB)
- Íþrótt- æskulýðs- og tómstundamáli; [Samantekt varðandi úrræði um sálrænan stuðning](#) (PDF - 106KB)
- Skólar; [Samantekt varðandi úrræði um sálrænan stuðning](#) (PDF - 106KB)
- Ungmenni; [Samantekt varðandi úrræði um sálrænan stuðning](#) (PDF - 106KB)

